

# Pési

198. tbl. 16. árgangur

**Okt. 2006**

Ritstjóri: Ísólfur Gylfi Pálmason

Útgefandi: Hrunamannahreppur

Netfang: [pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is)

Sími: 480 6600

**[www.hrunamannahreppur.is](http://www.hrunamannahreppur.is)**

## **Forsætisráðherra Ísraels Ehud Barak á Hótel Flúðum**

Fyrir skömmu gisti Ehud Barak f.v. forsætisráðherra Ísraelsríkis á Hótelinu á Flúðum. Hann er eins og margir vita heimsfrægur stjórnmálamaður. Með honum í för var eiginkona hans ásamt tveimur lífvörðum og sérsveitarmönnum, sem sýnir vel hve ólíkur hugsunarháttur og ólíkar hefðir eru þegar erlendir ráðamenn koma hingað þegar miðað við Ísland. Barak lét vel að veru sinni á hótelinu og átti viðræður við valinkunna menn. Vonandi verður áframhald á því að þjóðhöfðingjar komi og nýti sér góða aðstöðu sem boðið er uppá hér í Hrunamannahreppi en stutt er síðan að kínverski sendiherrann dvaldi hér í einstaklega góðu yfirlæti.

### **Efnisyfirlit.**

Forystugrein sveitarstjóra:

Að hafa trú á framtíðinni

Fréttir úr Hrunamannahreppi

Tilkynningar

Auglýsingar

**Næsti Pési kemur út:**

10. nóv

**Skilafrestur á efni:**

7. nóv.

### **Sundlaugin á Flúðum:**

#### **Opnunartími :**

**Mánud-föstud.16:00-21:00**

**Laugard.10:00-18:00**

**Sunnud. 13:00-18:00**

## Að hafa trú á framtíðinni!

Fréttablaðið hefur að undanfögnu tekið út íslensk sveitarfélög flokkað þau og sett fram kenningar um það hvaða sveitarfélög eiga sér viðreisnarvon og hver eigi það ekki. Þannig birtist úttekt á sveitarfélögum á Suðurlandi fyrir skömmu. Greinin er fróðleg en sérkennileg og hreyfði svo sannarlega við mér. Í greininni kemur fram að samkvæmt kenningum Bandarískra hjóna sem settar voru fram í lok níunda áratugarins og miðuðu að því að meta framtíðarhorfur tiltekinna sveitarfélaga á sléttunum miklu í Bandaríkjunum út frá sex viðmiðunarmörkum sem gæfu vísbendingar um að sveitarfélagið ætti sér ekki viðreisnar von ef þau uppfylltu ekki tvö eða fleiri þessara skilyrða. Í greininni er fullyrt að einungis þrjú sveitarfélög á Suðurlandi eigi sér viðreisnarvon út frá þessum kenningum en þau eru: Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus. Ég hef þegar svarað þessari grein í Fréttablaðinu s.l. föstudag. Auðvitað er hægt að setja saman kenningar og fá útkomu í samræmi við það. Þær kenningar sem þarna eru settar fram eru í fyrsta lagi gamlar sem þarf ekki endilega að vera slæmt en í öðru lagi miðast þær við gerólík samfélög og útkoman verður ótrúlega neikvæð fyrir Suðaurland eins og reyndar fyrir aðra landsfjórðunga líka. Ég hef þá bjargföstu trú að hreppurinn okkar sé einn allra blómlegasti dreifbýlishreppur landsins. Samsetning atvinnurekstrar er fjölbreyttari en gerist og gengur í dreifbýlissamfélögum. Þó þurfum við að stuðla að enn meiri fjölbreytni í atvinnulífinu og kappkosta að fá hingað störf og atvinnurekstur þar sem unga fólkið okkar sem aflar sér framhaldsmenntunar geti komið til baka og fengið störf við hæfi. Nálægðin við höfuðborgarsvæðið er einnig styrkleiki samfélagsins. Í framtíðinni mun fólk í auknu mæli sækja út á landsbyggðina í hæfilega fjarlægð frá Reykjavík og getur jafnvel haft tvöfalda búsetu. Aldurssamsetning íbúanna er með þeim hætti að samfélagið er yngra en gerist á landsvísu. Þetta endurspeglast í því að tæplega 200 nemendur eru hér í grunnskólanum. Á sama hátt þarf að tryggja öldruðum áhyggjulaust ævkvöld.

Landbúnaðurinn er grundvöllur samfélags okkar.

Þess vegna er umræðan um hömlulítinn innflutning á landbúnaðarvörum hættuleg fyrir samfélagið okkar hér í hreppnum og reyndar á Suðurlandi öllu. Verðsamanburður landbúnaðarvöru er einnig oft mjög ósanngjarn. Ferðaþjónustan er ung atvinnugrein en styrkir stöðu sína með hverju árinu sem líður. Iðnaður og byggingaþjónusta er hér mikil og tengist uppbyggingu í landbúnaði, frístundabyggðum, íbúðahúsa byggingum o.fl. Allt eru þetta samverkandi þættir. Við eigum að hafa trú á framtíðinni og láta ekki afbakaðar kenningar einhverra bandaríkjamanna draga úr okkur kraft og dug.

Ísólfur Gylfi Pálmason.  
Sveitarstjóri

## Fréttir frá skrifstofu Hrunamannahrepps

### Ný fóðurverksmiðja

Þau hjón í Birtingaholti Fjóla og Sigurður eru mikið atorkufólk. Þau reka eitt stærsta kúabú landsins, með tveimur mjaltþjónum, reka verkatakafyrirtæki, hafa skipulagt myndarlegar frístundabyggðir og nú hafa þau reist fóðurverksmiðju í Syðra-Langholti. Þar þurra þau korn bæði fyrir eigið bú en einnig fyrir bændur sem áhuga hafa á því að nýta þessa tækni og þjónustu. Æ algengara er að bændur rækti korn hér um slóðir en sú ræktun virðist í flestum tilfellum ganga vel. Einhversstaðar stendur að allt sé fertugum fært. Sigurður varð fertugur á dögnum og hélt uppá afmælið með miklum myndarskap. Nú er bara að vita uppá hverju hann tekur þegar hann er kominn á fimmtugsaldurinn. Til hamingju með afmælið og nýju verksmiðjuna.

### Merki hreppsins

Borist hafa skemmtilegar og athyglisverðar hugmyndir um merki fyrir Hrunamannahrepp. Við erum þakklát fyrir þær. Í síðasta Pésa auglýstum við eftir hugmyndum og hreppsnefnd ákvað að þeir sem hyggjast senda inn hugmyndir um merki sendi þær á hreppsskrifstofu fyrir 30. október. Stefnt er að því að hægt verði að nýta merki hreppsins strax á nýju ári.

## **X Factor stórvíðburður á Flúðum**

Forsvarsmenn X Factors sem eru á vegum Saga film og Stöðvar 2 hafa verið í sambandi við stjórnendur á Hótel Flúðum. Nú er ákveðið að upptökur fari fram í Félagsheimili Hrunamanna, fimmtudaginn 19. og föstudaginn 20. október n.k. Eins og flestir vita er verið að leita eftir hæfileikafólki og segir Margrét Runólfsdóttir, hótelstjóri að þess vegna hafi þeir leitað sérstaklega til uppsveitafólks. Nú er bara að hvetja unga sem aldna að taka þátt í þessari keppni. Hver veit nema að það leynist listamaður hér sem á eftir að verða landsfrægur eða jafnvel heimsfrægur. Þetta er skemmtileg tilbreyting og hressir uppá lífið og tilveruna. Ánægjulegt er að við eigum jafn drifandi fólk á hótelinu og raun ber vitni – því annars væri ekki leitað hingað vegna þessa.

## **Marit 60 ára og gefur tré**

Vinkona okkar Marit Anny Einarsson hefur nýlega haldið uppá stórafmæli. Hún fetar í fótspor manns síns Arnar Einarssonar og hefur gefið tré og trjáplöntur þar sem fyrirhugað er nýtt tjaldstæði. Eins og í fyrra var flokkur áhugamanna sem gróðursetti trén í sjálfboðavinnu undir stjórn og handleiðslu Arnar. Um leið og við óskum Marit til hamingju með afmælið þökkum við hinn góða hug sem gjöfinni fylgir. Einnig þökkum við áhugamönnunum fyrir að gróðursetja trén sem vonandi eiga eftir að lifa og verða til skjóls og þrýði um ókomin ár á framtíðartjaldsvæði okkar.

## **Karлакórrinn aldrei fjölmennari**

Um miðjan september hófust æfingar hjá Karлакór Hreppamanna. Sem fyrr stjórnar Edit Molnár kórnum af sinni einstöku snilld og mun eiginmaður hennar Miklos Dalmay áfram leika á slaghörpuna af fingrafimi og næmni til þess að hjálpa körlunum að finna hinn eina sanna tón og halda honum. Mikið stendur til, fyrstu tónleikar verða væntanlega 4. nóvember n.k. Aldrei hafa fleiri karlar komið til æfinga og er talið að þeir geti orðið um sextú í vetur ef að líkum lætur.

## **Oddviti oddvitanna**

Oddvita okkar Sigurði Inga Jóhannssyni er treyst fyrir ýmsu sem tilheyrir störfum sveitarstjórnarmanna. Hann er oddviti oddvitanna í uppsveitum Árnassýslu, auk þess sem hann er formaður skipulagsnefndar uppsveitanna. Nú síðast var hann kosinn varamaður formanns Lána-sjóðs sveitarfélaga á landsþingi Landsambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var á Akureyri fyrir skemmstu. Þetta er heiður fyrir oddvitann og sýnir okkur að störfum forsvarsmanna sveitarfélaga fylgir margt fleira en mikil vinna í eigin hreppi.

## **Fjölþjóðadagur á Flúðum**

Lengi hefur það verið keppikefli hreppsnefndar og íbúa í Hrunamanna-hreppi að efna til fjölþjóðadags í sveitarfélaginu. Nú er sérstök nefnd undir forystu Eiríks Ágústssonar að vinna að fjölþjóðadegi sem haldinn verður hér á Flúðum sunnudaginn 29 október n.k. Nýjustu tölur sýna að liðlega 11% íbúa hreppsins eru erlendir ríkisborgarar. Það er einnig deginum ljósara að við eigum að kappkosta að aðstoða þessa ágætu íbúa okkar við að læra Íslensku enda er hún lykilinn að því að fólkið aðlagist aðstæðum hér. Við getum ýmislegt af þessu fólki lært eins og það getur vonandi margt gott af okkur lært. Þeir útlendingar sem lagt hafa á sig að læra íslensku gengur afar vel að aðlagast samfélagi okkar.

## **Netið á bókasafninu**

Um langt skeið hefur verið möguleiki á að komast á netið á bókasafninu. Okkar ágæti bókavörður Áslaug Bjarnadóttir auglýsti þessa þjónustu fyrir ferðamenn nú í sumar. Talsverð aðsókn var að þessari þjónustu sem er enn fyrir hendi og er ástæða til þess að hrósa Áslaugu fyrir að auglýsa þessa þjónustu og nýta þá möguleika sem í því felast. Nútíminn er með þeim hætti að margir eiga erfitt með að hugsa sér að komast ekki inná netið með jöfnu millibili til að afla sér upplýsinga eða til þess að afla eða senda skilaboð vítt og breitt um heiminn.

## Sérhæfni í framleiðslu

Það er gaman að því að fylgjast með garðyrkjubændum hér í hreppnum, eins og reyndar bændum hér almennt. Talsverð sérhæfni á sér stað í framleiðslunni en það hefur reyndar verið um langt skeið ekki bara í sveppaframleiðslunni sem löngu er landsfrægt. Sem dæmi um nýjungar á þessu ári má nefna að þau Guðjón og Helga á Melum framleiða sellerí í talsverðu magni og sem selt er á markaði. Á sama hátt eru þau Lárus og Stefanía á Reykjaflöt líklega þau einu sem framleiða íslenska púrru sem seld er á markaði hér á landi. Það er haft á orði að Lárus syngi alltaf þegar hann tekur upp púrruna, þess vegna væri hún enn safaríkari en menn ættu að venjast. En Lárus er eins og svo margir vita einn af hetju tenórum karlakórsins. Það bætist við framleiðsluflóruna á hverju ári á því fyrsta flokks grænmeti sem framleitt er hér.

## Athugull Hrunamaður

Ritstjóri Pésans hefur margoft vakið athygli á merkingu á vörum sem seld er í verslunum hér á landi. Nú hefur félag garðyrkjubænda einnig bent á þetta og fengið talsverða umfjöllum í fjölmiðlum, enda er óþolandi að menn reyni að blekkja neytendur með merkingu. Það er með vilja sem innflytjendur reyna að villa um fyrir neytendum með því að merkja vöruna þannig að fólk heldur að um innlenda vöru sé að ræða. Athugull garðyrkjubóndi sendi mynd af merkingu á nautahakki sem selt var í Hagkaup. Þegar grannt var skoðað stóð mjög smáu letri að nautakjötið væri frá Nýja-Sjálandi.

## Réttadagurinn

Fjallferð og eftirleitir gengu vel undir öruggri stjórn fjallkóningsins Steinars Halldórssonar í Auðsholti. Réttadagurinn er alltaf mikill hátíðisdagur í sveitinni. Sem betur fer er fé að fjölga hér í hreppnum eftir þær hremmingar, sem riðan olli. Þrátt fyrir svolitla rigningu tókst vel til og var margt um manninn. Stefán vinur okkar í Götu lét sig ekki vanta í réttirnar fremur en fyrri daginn glaður og reifur. Hann hélt því fram að hann væri aldursforsetinn, ekki veit sá sem þetta skrifar hvort það er rétt, en víst er að hann var altént ekki elstur í anda því slíkt var fjörið í þessum höfðingja. Óhætt er að segja að hann er miklu yngri í anda en aldurinn segir til um enda vill hann meina að hann sé fæddur 1919 en ekki 1920 eins og kirkjubækur segja.

## **Íbúðir aldraðra**

Áfram er unnið að undirbúningi að byggingu íbúða fyrir aldraða. JÁ-VERK undir stjórn Gylfa Gíslasonar frá Kjarnholtum er að vinna að teikningum og hugmyndavinnu vegna þessa. Verk sem þetta er ekki hrist fram úr erminni það tengist skipulagsvinnu, vega- og lagnagerð og síðan hvernig húsnæðið á að vera. Þessari vinnu þókar áfram. Mikið er spurt um framgang málsins og margir áhugasamir um að þessar hugmyndir verði að veruleika fyrir en síðar.

## **Framkvæmdir í Félagsheimilinu**

Nú hefur verið flísalagt anddyrið þar sem farið er inná hárgreiðslustofuna og nuddstofuna í Félagsheimilinu. Verkið var unnið af Bjarna Sverrissyni og Guðmundi húsverði en hann málaði einnig þann hluta sem skólinn notar í Félagsheimilinu. Allt er þetta til mikilla bóta. Þá er einnig unnið að viðgerðum á þaki hússins, þar er hið harðsnúna lið Harra Kjartanssonar að störfum, en þeir hafa í sumar unnið að því að breyta gamla Grundarhúsinu í glæsilegt gistiheimili.

Í bígerð er að bæta við nýjum borðum o.fl.

## **Reiðhöll**

Það gladdi áhugasama hestamenn að landbúnaðarráðherra hefur úthlutað kr. 15.000.000 til byggingar reiðhalla á Flúðum. Umsóknin var verulega vel unnin af þeim Helga Kjartanssyni og Guðna Árnasyni en þeir eru forystumenn í Hestamannafélaginu Smára. Reiðhöllin gefur mikla möguleika. Helst hefur verið talað um að reiðhöllin verði á svæðinu sem hestamenn hafa nýtt skammt frá Límtrésverksmiðjunni en einnig eru raddir um að svæðið við flugvöllinn komi vel til greina og fjallar Gunnar Hallgrímsson sveitarstjórnarmaður um þær hugmyndir í þessum Pésa. Ákvarðanataka er hjá forsvarsmönnum hestamannafélagsins enda munu þeir bera hita og þunga af verkinu. Skólinn hefur einnig áhuga á að nýta sér aðstöðu til kennslu í hestamennsku í reiðhöllinni.

## **Elísabet var líka með!**

Í síðasta Pésa sögðum við frá miklum leiðangri mótorhjólakappa úr Hrunamannahreppi um Evrópu. Fyrir einstakan klaufaskap láðist að geta þess að með í för var Elísabet Sigurðardóttir sem sá til þess að bóndi hennar Grétar Skúlason í Miðfelli hjólaði aldrei villu vegar og hélt sér á réttum hraða þar sem það átti við. Elísabet er beðin velvirðingar á þessum mistökum því hún skreytti svo sannarlega þennan hóp sem horfir nú dreymandi til næsta sumars. Hvert ætli þau fari þá?

## **Framtíð minjasafns Emils Ásgeirssonar í Gröf.**

Guðjón Emilsson og kona hans Sigríður Guðmundsdóttir eru eins og allir þekkja miklir áhugamenn um framtíð minjasafns Emils Ásgeirssonar í Gröf og bera hita og þunga af starfsemi þess. Safnið er mjög merkilegt og segir langa sögu um þróun og búhætti í sveitum landsins. Fyrirhugaður er fundur með Héraðsráði Árnesinga þar sem framtíðin verður rædd en áhugasópur um safnið hefur lengi átt sér þann draum að tengja safnið Héraðsnefnd Árnesinga og Byggðasafni Árnesinga.

## **Jassmenn á leiðinni?**

Ólafur Stolzenvald sem er þekktur jass bassaleikari og er reyndar ættaður frá Hellu, hefur mikinn áhuga á að koma hingað ásamt með félögum sínum þeim Árna Heiðari Karlssyni, píanóleikara og Scott Mclemore, trommuleikara og leika fyrir okkur skemmtilegan jass. Ekki hefur Ólafur tímasett tónleikana enn – en vonandi verður af þessari fyrirætlan hans og félaga hans á næstunni, þá þurfum við að tryggja góða mætingu enda um flinka tónlistarmenn að ræða.

## **Gróðurhús til leigu!**

Eins og áður hefur komið fram hefur Hrunamannahreppur fest kaup á Laxárhlíð, landi og stærstum hluta af byggingum jarðarinnar. Hluti af gróðurhúsunum eru til leigu fyrir áhugasama ræktendur. Allar upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps.



## Víkingar í vígahug!

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda við húsbyggingar í Laufskálabyggð hefur Maggnús Víkingur keypt sér forláta beltagröfu. Strákarnir hans þeir Hjalti Víkingur og Hlyni Víkingur hoppuðu upp í gröfuna og tóku fyrstu skóflustungu til vígslu gröfunnar og til marks um fyrsta vísi framkvæmda á svæðinu. Maggnús er uppátektarsamur og efndi um leið til gröfunámskeiðs sem á þriðja tug manna tók þátt í. Í lok námskeiðsins var haldin keppni meðal þátttakanda. Aldursforsetinn Jóhannes Helgason bóndi í Hvammi reið á vaðið og sýndi mikla snilli sem kom reyndar engum á óvart. Uppúr því fór að færast gríðarleg spenna í leikinn. Þar kom að Elvar Harðarson sýndi bestu tilþriffin, enda með réttu genin þegar til slíks nákvæmnisverks kemur. En þá birtust feðgarnir frá Grafarbakka, þeir Eiríkur og Kristinn en þeir eru valinkunnir vélasnillingar. Að sögn heimildarmanns gekk Eiríki vel en Kristinn sem síðasti keppandi sló öllum við og þótti vel að sigrinum kominn. Mættur var umboðsmaður Kraftvéla á Íslandi og færði Kristni dýrindis koníaksflösku sem verðlaun fyrir sigur í fyrstu gröfuglasa-lyftukeppni Íslands. Þess má til gamans geta að Anna María móðir Elvars sigraði með miklum glæsibrag í flokki kvenna. Ekki fengust heimildir fyrir því hvort þessi keppni verði árviss eins og traktors-torfæran sem löngu er orðin landsfræg.

Við þetta tækifæri orti Ólafur Axelsson umboðsmaður Kraftvéla.

Vaskur Maggnús Víkingur

velur réttu tólin.

Sjálfsskipaður snillingur

sestur í gröfustólinn.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps  
Opnunartími hreppsskrifstofu  
Frá kl. 09:00-12:00 og 13:00-16:00.  
Mánudaga til föstudaga.*

### **Nefnd um útilistaverk.**

Nefnd um útilistaverk á Flúðum vinnur baki brotnu en þar svífa yfir vötnum margar spennandi hugmyndir enda valin maður í hverju rúmi í nefndinni sem láta sér listina varða. Í nefndinni eru: Sigríður Helga Olgeirsdóttir, Helga Teitsdóttir og Þorleifur Jóhannsson. Nú hefur tveimur listamönnum verið falið að útfæra hugmyndir um verkið og er spennandi hvað út úr því kemur, þeir munu skila hugmyndum fyrir 1. desember n.k. Listamennirnir tengjast Hrunamannahreppi en þeir eru: Brynhildur Þorgeirsdóttir, listamaður frá Hrafnkelsstöðum og Helgi Gíslason, listamaður sem m.a. á sumarhús hér í hreppnum og var í sveit í Langholtskoti hjá Katrínu en hún er móðursystir hans.

### **Austurhofið rís hratt**

Það er kraftur í húsbyggjendum á hinu nýja Austurhofi. Á síðasta verkfundi var mikið rætt um verklok Nesejarmanna sem eru verktakar í gatna og lagnagerð. Enn er óljóst hvort takist að malbika götu fyrir haustið, það verður þó ólíklegra með hverjum deginum sem líður. Ef ekki tekst að malbika í haust verður drifið í því strax og mögulegt verður í vor.

### **Kynning á ferðapjónustu í Danaveldi.**

Flugleiðir í samvinnu við Ásborgu Arnþórsdóttur, ferðamálafulltrúa standa fyrir kynningu á ferðapjónustu á Suðurlandi. Þar verður m.a. kynnt ferðapjónusta í uppsveitum Árnassýslu. Sveitarstjóri Hrunamannahrepps mun m.a. taka þátt í þessari kynningu en hann er f.v. varaformaður Ferðamálaráðs. Kynningin fer fram á skrifstofu Ferðamálastofu á Íslandsbryggju í Kaupmannahöfn og verður um næstu mánaðarmót.

VIOLA snyrtistofa á Flúðum  
Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

*Andlitsbað*

*Húðhreinsun*

*Litun og plokkun*

*Handsnyrting*

*Fótsnyrting*

*Förðun*

*Vaxmeðferðir*

*Tímapantanir í síma 566-8342  
og 856-1599(Hlíf)*



### Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna  
föstudagana 20. okt, 3. nóv  
og 17. nóv.

Pantið tímanlega.

Tímapantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.

Einnig á hársnyrtidegi **893-6084** og **899-9665**.

Minni einnig á Hárgreiðslustofuna í Árnesi

Sími 893-6084

Íþróttahúsið á Flúðum—tækjasalur.

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga 15:30-21:00

Föstudaga 13:00-20:00

Laugardaga Lokað


Sunnudaga 15:30-20:00

Til sölu ný negld 33”dekk á felgum.


Ný kosta þau rúm 90.000, en þessi fást á 50.000.

Eitt aukadekk á felgu getur fylgt með.

Upplýsingar í síma 438 1063 / 662 5981 Steini



# Rafverktaki



**Fjalla raf**  
sími 662-0530

Hjörleifur Ólafsson  
Löggiltur rafvirkjameistari

Fossi.  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir  
Sími 662-0530 fax 486-6432  
[fossi@fossi.is](mailto:fossi@fossi.is)

## Frá Vörðukórnum.

Fyrsta æfing haustins verður í **Brautarholti**  
**miðvikudaginn 18. október kl. 20:30**  
undir stjórn Lofts Erlingssonar sem hefur verið  
ráðinn stjórnandi kórsins.  
Við lofum fjölbreyttu og skemmtilegu starfi í vetur.  
Nýir félagar ávallt velkomnir.

Stjórn Vörðukórsins.

## Til sölu

Filmupökkunarvél Automac 33  
Pakkar ca 27 bökkum á mínútu  
Nánari upplýsingar hjá Guðjóni á Melum  
Sími: 894 0448

## Frá Bóka- Hrunamanna



safni

Bókasafnið hefur að geyma fjölbreytt úrval bóka fyrir alla aldurshópa. Bækurnar eru bæði skáldrit og fræðibækur. **Lánstími bóka eru 4 vikur**, nema annað sé tekið fram.

Útlán má framlengja með einu símtali (**486 6708**) eða senda tölvupóst á netfangið [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Á bókasafninu er nú hægt að fá leigðar myndbandsspólur (VHS). Þetta eru bæði íslenskar og erlendar barnamyndir, aðallega teiknimyndir en einnig nokkrar leiknar myndir.

Lánstími myndbanda er 1 vika og leigugjald er kr. 150,-.

Sé ekki skilað á réttum tíma reiknast kr. 50,- pr. dag.

Á Bókasafni Hrunamanna er tölva fyrir almenning tengd Internetinu. Gjaldskráin er ½ klukkustund á kr. 100,-.

Bókasafnið er áskrifandi að ýmsum tímaritum og er lánstími á nýjustu blöðunum **1 vika**.

### Vetraropnun 01.09 – 14.05.:

<b>Mánudaga</b>	<b>Kl. 20-21</b>
<b>Þriðjudaga</b>	<b>Kl. 16-18</b>
<b>Miðvikudaga</b>	<b>Kl. 16-18</b>
<b>Fimmtudaga</b>	<b>Kl. 16-18</b>

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku - Velcomin á bókasafnið.

# Nýtt tímarit fyrir bæði kynin

**Tímaritið h** er nýtt tímarit um lífsstíl sem dreift verður á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þess. Einnig verður það fáanlegt í frískrift en það er okkar nýyrði yfir þá tilhögun að gefa þeim sem áhuga hafa á blaðinu kost á að fá það sent án þess að borga annað en sendingarkostnað. .

**Tímaritið h** er hágæða tímarit fyrir fólk á aldrinum 15-55 ára, blaðið er gefið út í 25.þúsund eintökum.

**Tímaritið h** er **frítt** og hentar því öllum sem hafa áhuga á að lesa blaðið en efni þess mun að sjálfsögðu höfða til allra. Sömuleiðis er hægt að fá blaðið sent heim til sín eða vera í svokallaðri **frískrift**, hún virkar þannig að viðkomandi skráir sig á frískriftarlista annað hvort með því að hringja í síma 534-6300 eða fara inn á heimasíðu blaðsins sem er [www.htimarit.is](http://www.htimarit.is) og skrá sig þar. Viðkomandi fær þá blaðið sent heim til sín en borgar aðeins póstburðargjald.

**Tímaritið h** fjallar um allt sem viðkemur lífsstíl og alla þá ótalmörgu hluti sem auka manni ánægju í lífinu. .

**H**-ið á tímaritinu **h** stendur fyrir hann og hún en blaðið er tvískipt, öðru megin ætlað konum og hinum megin körlum. Hélt því kannski einhver fram að konur og karlar gætu ekki skoðað sama blaðið?

Sá hluti sem er honum ætlaður er helgaður lífstíl sem heillar og hentar fyrir karl- mönnum. Þar verður fjallað um hluti eins og bíla og ökutæki, mat og matargerðalist, fatatísku karlmannna, húð- og hárumhirðu, fylgihluti, vín og vindla, hönnun og húsgögn, afþreyingu, veiði, hreyfingu og viðtöl verða tekin við flotta menn í þjóðfélaginu.

Á hennar hlið er svo allt sem viðkemur lífstíl kvenna, fatatísku, hár- og snyrtivörum, skótísku, skarti og fylgihlutum auk umfjöllunar um hönnun, húsgögn og alls konar hluti fyrir heimilið, mat og matargerðalist, vín og kokteila, vinsæla konubíla og ökutæki, afþreyingu og hreyfingu kvenna, viðtöl verða síðan tekin við flottar konur í þjóðfélaginu og fjallað verða um málefni sem snúa að konum.

## Frískrift

Frískrift er okkar nýyrði yfir þá tilhögun að koma tímaritinu **h** til ykkar. Með því að greiða aðeins 1800 kr í burðargjald sendum við heim til ykkar eitt hágæða lífstíltímarit á mánuði í allt 12 tbl. Það fyrsta í byrjun nóvember. Burðargjaldið er aðeins 150 kr á hvert eintak gerist ekki ódýrara og þægilegra.

# Hljómborð til sölu!

Til sölu 1 árs gamalt lítið notað hljómborð.

Upplýsingar veitir Else í s. 690-6024  
-----

---

## Til sölu í sundlauginni

SPEEDO sundgleraugu og sundbolir  
til sölu á hagstæðu verði.


Stærðir frá barnastærðum uppí fullorðins, (48)

Tilvalið til tækisfærisgjafa!

*Nýsaumur, hönnun, fatabreytingar og viðgerðir.*

Er við á saumastofunni frá kl.

9-13 eða eftir samkomulagi.

góðir hálsar 

Erna Óðinsdóttir

Klæðskeri

Vesturbrún 13

899-8423

[godirhalsar@mmedia.is](mailto:godirhalsar@mmedia.is)

# FLÚÐALEIÐ ehf. og FLYTJ- ANDI

## Ferðaáætlun í uppsveitir Árnes- sýslu

Brottför frá Reykjavík (VM Flytjanda,  
Klettagörðum 15): alla virka daga kl:  
13<sup>00</sup>

Brottför frá Selfossi (Húsasmiðjunni, Byko  
og Flytjanda): alla virka daga kl: 14<sup>00</sup>

Aukaferð farinn frá Reykjavík kl: 16<sup>00</sup> alla  
föstudaga.

Flytjum áburð og skeljasand fyrir  
alla áburðarsöluaðila

Allar nánari upplýsingar gefur Pálmar  
á Flúðum í síma: 892-2370

### Aðrir símar:

Vöruafgreiðsla: 486-1070      Stefan:  
892-2371      Halldór: 892-2372

Heimasími: 486-6685      Fax: 486-6693  
Netfang: fludaleid@simnet.is

Með Kveðju





**Opnunartími Versl. Strax .**

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.  
Starfsfólk Versl.Samkaup strax á Flúðum.

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási **480 5300**  
**Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804**

**Bridge**

Vetrarstarf Bridge-deildar hefst mánudaginn 16. október.  
Spilað verður í Félagsheimili Hrunamanna á mánudags-  
kvöldum og hefst spilamennska kl. 20:00.  
Mætum öll. Nýir spilamenn velkomnir.  
Nefndin.

**Haustfundur Kvenfélags Hrunamannahrepps**  
verður haldinn mánudaginn 6.nóvember.

Nánar auglýst síðar.  
Sá sem fékk lánaða kökudiska Kvenfélagsins er beðin að  
skila þeim til húsvarðar í Félagsheimilinu.  
Hlökkum til að sjá ykkur á haustfundinum.  
Stjórnin



# Október 2006

## Staðurinn sem kemur til þín

mán.	þri.	mið.	fim.	fös.	lau.	sun.
						1
2	3	4	5 Laugarvatn 18-21	6 Flúðir 18-21	7 Reykholt 18-21	8
9	10	11	12	13 Brautarholt 18-21	14 Borg 18-21	15
16	17	18	19 Laugarvatn 18-21	20 Flúðir 18-21	21 Reykholt 18-21 Fysti vetrardagur	22
23	24	25	26	27 LOKAÐ	28 LOKAÐ	29
30	31	1.nóv	2.nóv Laugarvatn 18-21	3.nóv Flúðir 18-21	4.nóv Reykholt 18-21	5.nóv

Sími 899-2910

Opið frá kl: 18:00-21:00

## Fjallferð

Það er mér bæði ljúft og skilt að þakka fjallmönnum fyrsta safns fyrir góða samferð í haust. Sérstaklega vil ég beina skrifum mínum til þeirra yngri, sem voru að fara í fyrsta skipti "á fjall". Þið stóðuð ykkur með mikilli þryði. Ekki var kvartað þó einn daginn væri komið í slagviðri og svarta myrkri í náttstað eftir 15 tíma smalamennsku. Þá var og kurteisi og viðmót til fyrirmyndar.

Það er nú einu sinni svo að gott er að geta samræmt, bæði smalavinnu og skemmtun svo úr verði skemmtiferð, því það ber ætíð að hafa í huga að afréttarsmalamennska er fyrst og fremst vinna, sem taka verður fullt tillit til.

Ykkar er framtíðin kærur vinir.

Takk fyrir mig og mína

"matarmamma"

## **Kaupmannahöfn - Flúðaskóli**

### **Frá 10. bekk í Flúðaskóla.**

Í lok ágúst og byrjun september fórum við til Danmerkur ásamt Önnu dönskukennara og Árna Þór íþróttakennara í Flúðaskóla. Fylgdarmenn okkar voru einnig úr hópi foreldra og systkina og voru það Samúel í Bryðjuholti, Bjarki í Silfurtúni og Bolette á Hæli. Við fórum að heimsækja Grantofteskolen í Ballerup sem Flúðaskóli er í samstarfi við og búinn að vera í samstarfi við síðustu tvö ár. Við áttum frábæra daga í Kaupmannahöfn og Ballerup og upplifðum margt sem við höfum aldrei áður upplifað. Mesta rigning sem við höfum nokkurn tímann séð, tók á móti okkur fyrsta kvöldið en þá fórum við á fótboltaleik á Idrætsparken ásamt nokkrum tugum þúsundum Dana. Dagarnir liðu hratt, bæði við nám og leik og verður þetta okkur algjörlega ógleymanleg byrjun á síðasta vetri okkar hér í Flúðaskóla. Okkur langar að þakka öllum sem hafa stutt okkur og styrkt síðustu árin, bæði með fjárstyrkjum og jákvæðri hvatningu, allar götur síðan við byrjuðum að undirbúa ferðina í 8. bekk.

Um miðjan september komu svo Danirnir til okkar og voru hjá okkur frá mánudegi til föstudags. Við unnum m.a. saman í skólanum, fórum í gönguferðir um Flúðir, fórum Gullhringinn svokallaða, fórum í flúðasiglingu niður Hvítá, skoðuðum virkjanir og fórum á hestbak. Danirnir voru yfir sig hrifnir af landi og þjóð og eru okkur ævarandi þakklátir fyrir gestrisni alla og velvilja. Sérstaklega vilja þau senda þakki til húsvarðarins, hennar Ellýar sem leysti einmitt af sem húsvörður, þá viku sem þau fengu að gista í Félagsheimilinu. Við munum vinna saman á netinu í vetur og eru ýmis verkefni sem bíða okkar. Þessa dagana erum við að vinna að myndasýningu frá ferðinni okkar góðu og ætlum við að hafa myndasýningu mánudagskvöldið 16. október kl. 20:30 í Flúðaskóla. Allir eru velkomnir! Hlökkum til að sjá ykkur.

Með kveðju,

Anna dönskukennari og 10. bekkur í Flúðaskóla.

**Eva Marín Hlynsdóttir**  
**Herbaliferáðgjafi**  
**Skráning og nánari uppl**  
**í síma 892-6728**



# Dekurkarfa

## Vilt þú prófa há- gæða snyrti- vörur?

Hefur þú áhuga á að fá lánaða  
körfu með snyrtivörum til prufu  
í 2 daga án skuldbindinga.

Dekurkarfan inniheldur eintök  
af frábærum vítamínbættum  
húðvörum frá Herbalife.

**Eva Marín Hlynsdóttir**

Herbaliferáðgjafi

Skráning og nánari uppl í síma

**892-6728**

Nú eru uppi miklar væntingar meðal hestamanna og annarra um að reiðhöll rísi á Flúðum. Þetta er auðvitað mjög spennandi og áriðandi að vel takist til.

Það er ekki ólíklegt að fjármögnun byggingarinnar sé möguleg en það þarf ekki síður að huga vel að rekstri svona fyrirtækis. Það eru áreiðanlega engir aðilar, hvorki sveitarfélög eða frjáls félagasamtök, sem vilja greiða niður taprekstur.

Staðsetningin er einn meginþátturinn í möguleikum á góðum rekstri.

Það þarf að vera mjög rúmgott svæði við höllina með möguleika á stórum skeiðvelli til keppni og sýninga. Mikil stæði fyrir öll möguleg farartæki og kerrur. Aðgengið þarf að vera auðvelt og greinilegt fyrir jafnvel stærstu hrossahópa.

Við eigum svona svæði ef flugvöllurinn verður lagður niður á núverandi stað. Þá myndi reiðhöll sóma sér vel norður undir skipulagða hesthúsaferfinu. Þar myndi hún blasa við gestum og gangandi og vera í góðum tengslum við t.d. nýju leiðina yfir væntanlega Hvítárbrú. Núverandi flugbraut yrði góður grunnur að skeiðvelli.

Svona staður byði uppá fína aðstöðu fyrir hestaferðahópa að sumarlagi, en t.d. ferðir yfir Kjöl með útlendinga geta velt upp. 15.000.000.- kr. mánaðarlega svo þar er eitthvað til að narta í.

Þetta svæði er líka í beinu samhengi við hugmyndir manna um allsherjar ferðamannaaðstöðu við vegamót Þjóðveggar og Selsveggar.

Flugvöllurinn hefur þróast úti að vera leikvöllur fárra manna og er ekki nýttur nema örfáa daga á ári. Hann er á verðmætu landi sveitarfélagsins en það eru engar tekjur að þessu landi. Hann hefur enga hagnýta þýðingu. S.l.ár fengust 160.000.- kr. í fasteignagjöld af flugskýli og aðstöðuhúsi.

Sveitarfélagið verður að hagnýta þá möguleika, sem þetta land býður uppá í náninni framtíð, t.d. í tengslum við umferð um væntanlega Hvítárbrú.

Það hlýtur að vera hægt að finna nýjan, heppilegan stað fyrir flugbraut.

Það er von mín að íbúar Hrunamannahrepps íhugi þessi mál með opnum huga og komi skoðunum sínum á framfæri. Það verður of seint að nöldra eftirá.

Gunnar Hallgrímsson,  
Borgarási.

[Borgaras@simnet.is](mailto:Borgaras@simnet.is).



## Áskorun frá leikskólanum

Starfsfólk leikskólans hefur orðið þess vart að allt of margir foreldrar nota ekki bílbelti fyrir börnin sín “BARNIÐ ER LAUST Í BÍLNUM”. Íslensk lög kveða á um að allir noti bílbelti (71. gr. Umferðarlaga, 24. gr. Reglugerð um öryggi bifreiða). Þess vegna skorum við á alla að SPENNA BELTIN hvort sem um er að ræða styttri eða lengri ferðir.

## HÆTTAST ER Á HEIMASLÓÐ

The Staff at Undraland Nursery School has noticed that too many parents do not use car seat belts or baby seats for their children. The children are therefore not safe while traveling.

The Highway Code [in this country requires](#) everyone in the car to be safely restrained, regardless of where they are sitting. Young children must be restrained in approved baby capsules or car-seats. Also, children under 150 cm in height, are not allowed to be in a front seat.

Crashes can occur in any situation - most injury crashes happen in 50km/h areas and most often on short trips within a few kilometers of home. The message is simple: always wear your safety belt.

We therefore remind everybody to use available safety equipment for their children and themselves, for their own security.

Uwaga z przedszkola!

Pracownicy przedszkola zwrócili uwagę iż zbyt duża grupa rodziców niezapina pasów

„dzieci są przewożone luzno w samochodzie”.

Islandzkie prawo zakłada obowiązek używania pasów bezpieczeństwa przez wszystkich.

Dlatego więc zwracamy się do wszystkich o zapinanie pasów narkrótkich, jak i na długich przejazdach.

Pracownicy przedszkola.

Starfsfólk leikskólans

## Vörðukór á faraldsfæti.

Um miðjan ágúst lögðu Vörðukórsfélagar, ásamt mökum, upp í ferð sem hefur verið undirbúin allan síðastliðinn vetur og í sumar. 58 manns tóku sig upp og heimsóttu frændur okkar í Danmörku og sungu við mjög svo góðan orðstír. Haldnir voru tónleikar í Frihavnskirke í Kaupmannahöfn og í Humlebæk og var það mál manna, bæði lærðra og leikra, að tónleikarnir hefðu tekist afar vel. Mátti jafnvel sjá gleðitár glitra á kinnum aldinna Dana þegar hið gamla danska vísnakver, *Gammeldavs sangpotpourri*, var sungið. Ekki nóg með að þeir kæmust við, heldur fóru margir þeirra að dilla sér og dansa eins og hefðin býður í þessum skemmtilegu vísum. Íslendingar sem búa í Danmörku og hafa jafnvel búið þar árum saman, urður hrærðir og fullir lotningu þegar við sungum mörg okkar yndislegu ættjarðarlaga. Sungið var í lopapeysum fyrir hlé og verður að segjast eins og er að lopapeysur í 25 stiga hita eru heldur heitar svo ekki sé meira sagt en kórinn tók sig afar vel út og þá er tilganginum náð!

Árshátíð kórsins var einnig haldin í Kaupmannahöfn og voru að sjálf-sögðu leikin skemmtiatriði og uppákomur með miklu söngívafi þegar leið á kvöldið. Katrín og Stefán voru kvödd með gjöfum en þau láta nú af störfum sem stjórnendur og undirleikari kórsins. Erlingur Loftsson og Kristjana Bjarnadóttir voru gerð að heiðursfélögum og þeim þökkud óeigingjön störf í þágu kórsins í gegnum tíðina. Þau hafa bæði sungið með frá upphafi kórsins en eins og flestir vita stendur Vörðukórinn á gömlum merg Árneskórsins sem starfaði hér í uppsveitum á árum áður.

Söngur og gleði einkenndi þessa ferð alla og var lagið tekið hvar sem því var við komið. Farnar voru skoðunarferðir um Kaupmannahöfn bæði fótgangandi og siglandi og eitthvað örlítið var komið við í verslunum.

Við hlökkum til að hittast aftur nú á haustmánuðum og komum galvösk til söngsins með gleði í hjarta eftir vel heppnaða söng- og skemmtiför og hvetjum alla sem hafa gaman af söng og góðum félagskap að koma og vera með okkur í spennandi dagskrá vetrarins.

Með kveðju,

Stjórn Vörðukórsins.

**Brottför frá Flúðum**  
**Kl. 08:00 mánud. til föstudaga.**  
**Brottför frá Landflutningum Reykjavík**  
**Kl. 12:00 mánud. til föstudaga.**

**Vöndull ehf Högnastíg 1.**  
**Jóhann Unnar Guðmundsson.**  
**Sími: 856-1580**



**KB BANKI**

**Hraðbankinn**  
er opinn allan sólarhringinn.

**Afgreiðslutími á Flúðum:**  
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00  
Viðtalstími bankastjóra á  
miðvikudögum 13:30-15:45

**Sími. 480-4700.**